



Reykjavík – 2  
Leyfi nr. 196

## PUNGASKATTUR

# Álestrartímabil 20. september til 10. október 1999

### Álestrartímabil

Álestrartímabil 3. gjaldtímabils 1999 er 20. september – 10. október nk. Gjaldldagi er 11. október 1999 og eindagi er 31. október 1999. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili. Hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður (32.000/8.000 km)

### Álestur innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (innan kærufrests)

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Þegar mætt er of seint í álestur, þ.e. eftir 10. október 1999, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

### Álestur eftir þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (utan kærufrests)

Mæti gjaldandi með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar eru liðnir frá lokum álestrartímabils, þ.e. eftir 10. nóvember 1999, beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur um beitingu sekta utan kærufrests.

Ef mætt er með ökutæki til álestrar:

1) 11/11- 17/11	er sektin	kr. 5.000.
2) 18/11 - 24/11	er sektin	kr. 7.500.
3) 25/11 - 30/11	er sektin	kr. 10.000.
4) 1/12 - 7/12	er sektin	kr. 12.500.
5) 8/12 - 14/12	er sektin	kr. 15.000.

### Skráning á akstri í akstursbók

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu ökumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru ökumælum, en ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

### Vanræksla á skráningu aksturs í akstursbók

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur varðandi sektar beitingu, en þær eru eftirfarandi:

- Akstur ranglega færður í akstursbók:
  - fært vikulega en á að færa daglega . . .kr. 5.000.
  - fært mánaðarlega en á að færa daglega . . . . .kr. 10.000.
  - færð inn km-staða hraðamælis en ekki ökumælis . . . . .kr. 7.500.
  - færð inn km-staða ökumælis en ekki hraðamælis . . . . .kr. 5.000.
- Sektir hækka við itrekað brot.
- Akstur ekki færður í akstursbók:
  - Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýttar í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki . . . . .kr. 10.000.
  - Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki . . . . .kr. 15.000.
  - Fyrir itrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að . . . . .kr. 50.000.

## Gjaldskrá kílómetragjalds bifreiða

Fast árgjald ökutækja sem eru 14.000 kg eða þyngrri er kr. 100.000.

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.
0-4.999	7,11	18.000-18.999	13,67
5.000-5.999	7,56	19.000-19.999	14,72
6.000-6.999	8,17	20.000-20.999	15,50
7.000-7.999	8,59	21.000-21.999	16,40
8.000-8.999	8,96	22.000-22.999	17,43
9.000-9.999	9,35	23.000-23.999	18,26
10.000-10.999	9,92	24.000-24.999	19,09
11.000-11.999	10,30	25.000-25.999	20,02
12.000-12.999	11,61	26.000-26.999	20,91
13.000-13.999	12,69	27.000-27.999	21,84
14.000-14.999	10,34	28.000-28.999	22,77
15.000-15.999	11,14	29.000-29.999	23,70
16.000-16.999	12,03	30.000-30.999	24,62
17.000-17.999	12,89	31.000 og yfir	25,55

## Gjaldskrá kílómetragjalds tengi og festivagna

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.
6.000-6.999	7,78	19.000-19.999	17,66
7.000-7.999	8,17	20.000-20.999	18,60
8.000-8.999	8,53	21.000-22.999	19,68
9.000-9.999	8,91	22.000-22.999	20,92
10.000-10.999	9,47	23.000-23.999	21,92
11.000-11.999	9,81	24.000-24.999	22,91
12.000-12.999	11,05	25.000-25.999	24,02
13.000-13.999	12,09	26.000-26.999	25,08
14.000-14.999	12,41	27.000-27.999	26,21
15.000-15.999	13,36	28.000-27.999	27,33
16.000-16.999	14,43	29.000-28.999	28,43
17.000-17.999	15,48	30.000-29.999	29,54
18.000-18.999	16,40	31.000 og yfir	30,67

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.

Slóðin er: [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

### GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

Sími 563-1100 • Fax-númer: 563-1290